# Jöklarannsóknafélag Íslands

# Fréttabréf

Nr. 50 Apríl 1995

## VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn í Tæknigarði, Dunhaga 5, þriðjudaginn 25. apríl 1995 kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Fyrirlestur um snjóflóð. *Magnús Már Magnússon snjóflóðafræðingur*
2. Kaffihlé.
3. Sýndar myndir af snjóflóðum. *Jón Gunnar Egilsson tæknifræðingur*

## VORFUNDUR

*Erindi um snjóflóð*

Sjaldan hefur okkur þótt brýnna en nú að vita mikið um snjóflóð. Eftir þennan snjóflóðavetur er nauðsynlegt að safna gögnum um reynslu manna svo að nýtist á næstu árum og ekki síður komandi kynslóðum. Á þessum vorfundi munu þeir Magnús Már Magnússon snjóflóðafræðingur og Jón Gunnar Egilsson tæknifræðingur miðla okkur af reynslu sinni og sýna okkur umhverfi snjóflóða á myndum.

Oddur Sigurðsson

## AÐALFUNDUR JÖRFÍ 1995

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands var haldinn 28. febrúar 1995 í Tæknigarði við Dunhaga.

Engar breytingar urðu á stjórn félagsins að þessu sinni.

**Stjórn Jöklarannsóknafélags Íslands skipa nú**

*Helgi Björnsson formaður* kosinn 1995 til 3 ára
*Einar Gunnlaugsson varaformaður* kosinn 1995 til 2 ára
*Oddur Sigurðsson ritari* kosinn 1995 til 2 ára
*Jón E. Ísdal gjaldkeri* kosinn 1994 til 2 ára
*Stefán Bjarnason meðstjórnandi* kosinn 1994 til 2 ára.

**Varastjórn Jöklarannsóknafélags Íslands**

1. Alexander Ingimarsson
2. Ástvaldur Guðmundsson
3. Hannes Haraldsson
4. Jón Sveinsson

Nefndaskipan er sem hér segir:

- Rannsóknanefnd: Helgi Björnsson formaður, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Magnús Már Magnússon og Oddur Sigurðsson.
- Skálanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal, Sverrir Hilmarsson og Alexander Ingimarsson.

- Bílanefnd: Þorsteinn Jónsson formaður, Halldór Gíslason yngri, Hafliði Bárður Harðarson, Árni Páll Árnason og Garðar Briem.
- Ferðanefnd: Ástvaldur Guðmundsson formaður, Árni Páll Árnason og Hannes Haraldsson.
- Útgáfustjórar Jökuls: Helgi Björnsson og Einar Gunnlaugsson.
- Fagritstjórar Jökuls: Freyr Þórarinsson, Tómas Jóhannesson, Bryndís Brandsdóttir og Áslaug Geirsdóttir.
- Skemmtinefnd: Skipun frestað
- Valnefnd: Gunnar Guðmundsson var endurkjörinn til 3 ára en áfram situr Sveinbjörn Björnsson 2 ár í viðbót. Sigurjón Rist féll frá á síðasta ári og var Stefán Bjarnason kjörinn í hans stað í 1 ár.

Oddur Sigurðsson

## VORFERÐ

Í júní verður haldið í vorferð á Grímsfjall. Ekki verður sú ferð að öllu leyti með venjubundnu sniði enda er nú ófært með öllu upp Tungnaárjökul vegna framhlaups jökulsins sem lítið lát virðist á. Lagt hefur verið til að farið verði upp Skálfellsjökul. Ekki geta jafn margir komist með og endranær vegna þess hve leiðin er krókótt. Því er viðbúið að rannsóknarverkefnin verði smærri í sniðum en undanfarin ár. Meðal verkefna sem stefnt er að:

- Sinna venjubundnu viðhaldi.
- Mæla vatnsborðshæð í Vötnunum.
- Mæla snið upp úr Vötnunum

- Mæla ákomuna á íshellunni í Vötnunum og e.t.v. víðar.
- Mæla áfram ísskrið inn í Vötnin með GPS tækjum.

Ferðanefnd og rannsóknanefnd

## SKÁLAGJÖLD

Stjórn félagsins ákvað að gisting í skálum félagsins skuli kosta 750 kr. á nóttina. Trúnaðarmenn félagsins í ýmsum landshlutum, sem haf lyklavöld á læstum skálum í Jökulheimum og á Grímsfjalli eru:
Ástvaldur Guðmundsson, Rakarastofunni Dalbraut 1, Reykjavík, hs. 557 7616 vs. 568 6312
4X4 klúbburinn á Akureyri, hs. 96-27053 vs. 96-27233
Flugbjörgunarsveitin Hellu, hs. 98-76511 vs. 98-75940
Völundur Jóhannesson, Hjarðarhlíð 5, Egilsstöðum, hs. 97-11315 vs. 97-11200

**Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík /Ábm. Oddur Sigurðsson**

Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar